

138. löggjafarþing 2009–2010. Þskj. 44 — 44. mál.

Tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu Skjálfandafljóts og alls vatnasviðs þess ofan Mjóadalsár.

Alþingi  
Erindi nr. Þ 138/790  
komudagur 16.12.2009

Reykjavík 16. desember 2009

*Svartárvot, menning – náttúra:*

### Umsögn um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Skjálfandafljóts.

Svartárvotsverkefnið byggir á sérstöku sambandi menningar og náttúru í Bárðardal og nágrenni. Það felur í sér mikla möguleika fyrir svæðið og treystir á markvissa vernd þessa umhverfis.

Hvers konar röskun náttúru- og menningarminja er því ákaflega óheppileg fyrir þá starfsemi sem hér er verið að byggja upp. Sérstaklega væri skaðlegt ef ráðist væri í stóra virkjun þar sem fornleifar og sérstök náttúra færu á kaf. Nefna má að Aldeyjarfoss er talinn meðal fegurstu fossa landsins og er fastur viðkomustaður í námskeiðum *Svartárvots, menningar – náttúru*.

Það er því mat forsvarsmanna Svartárvotsverkefnisins að friðlýsing Skjálfandafljóts væri mjög heppileg af tveim ástæðum:


- Friðlýsing tryggir vernd þess umhverfis sem verkefnið byggir á.
- Með opinberri viðurkenningu fær svæðið aukið vægi sem mun nýtast *Svartárvoti, menningu – náttúru* í markaðssetningu námskeiða sinna.

Þó teljum við að rétt sé að leyfa takmarkaðar framkvæmdir sem samræmast hefðbundinni landnotkun eða stuðla að útivist og ferðaþjónustu í sátt við náttúruna en raska ekki náttúru- og menningarminjum. Er það í samræmi við þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með tillögunni.

Fyrir hönd *Svartárvots, menningar – náttúru*



Axel Kristinsson



Viðar Hreinsson